

Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1967.

Eignir :

1. Veðskuldabréf	kr. 30 131 479.79	
2. Óinnheimtir vextir	— 1 271 466 54	
3. Skrifstofugögn	— 17 930.00	
4. Innstæða í Seðlabanka Íslands	— 1 067.40	
5. Sjóður hjá féhirði	— 89 829.12	
		kr. 31 511 772.85
		Kr. 31 511 772.85

Skuldir :

1. Innstæður vaxtaeigenda:		
a. Aðaldeild	kr. 22 111 700.49	
a. Erfingjarentudeild	— 582 356.07	
c. Útborgunardeild	— 6 795 974.81	
		kr. 29 490 031.37
2. Vextir fyrir 1967, geymdir til útborgunar	— 419 365.13	
3. Varasjóður	— 1 602 376.35	
		Kr. 31 511 772.85

Reykjavík, 28. febrúar 1968.

Gunnlaug Briem. Jón Skaftason.

Nr. 270.

11. september 1968.

AUGLÝSING

um niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum, sem hafa eyðilagzt, skemmt eða rýrnað.

Fjármálaráðuneytið mun nota heimildir sínar í 2. tölulið 3. gr. og 4. mgr. 10. gr. tollskrárlaga nr. 63 31. maí 1968, um tollskrá o. fl., til þess að leyfa niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum vegna eyðileggingar, skemmda eða rýrnunar, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Vörurnar verða að hafa eyðilagzt, rýrnað eða skemmt á leið hingað til lands, við affermingu eða við geymslu í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna.
2. Vörunum sé framvísað fyrir toleftirlitsmönnum og þeim gerð grein fyrir skemmdum þeirra eða rýrnun áður en þær eru fluttar úr geymslum tollgæzlunnar eða farmflytjanda.

Sé um að ræða vörur, sem verulegum vandkvæðum er bundið að skoða í framangreindum geymslum, má skoðun þó fara fram heima hjá innflytjanda, enda fylgist toleftirlitsmenn með heimflutningum og skoðunin sé framkvæmd strax að honum loknum.

Skoðun, sem fer fram heima hjá innflytjanda skal framkvæmd af tveim tollmönnum, og ber innflytjanda að greiða viðkomandi tollstjóraskrifstofu allan kostnað af skoðuninni samkvæmt reikningi.

3. Sé um algera eyðileggingu að ræða, skal vörunum fleygt undir tolleftirliti, og skal sá, er þess beiðist, greiða kostnað til tolleftirlitsins samkvæmt reglum 2. liðs hér að framan.
4. Skoðun samkvæmt 2. lið að framan skal fara fram svo tímanlega, að beiðni um niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu aðflutningsgjaldanna ásamt skýrslu tolleftirlitsmanna, svo og matsgerð umboðsmanna váttryggjanda, ef um hana er að ræða, sé afhent tollyfirvaldi í síðasta lagi innan sex vikna frá komudegi farartækis þess, er vöruna flutti til landsins.
5. Fullnaðartollafgreiðsla vörunnar, þ. e. endanleg greiðsla aðflutningsgjalda af vörunni eða eyðing hennar skv. 3. lið að framan, fari fram innan tveggja mánaða frá komudegi þess farartækis, er flutti vöruna til landsins.

Að því er snertir vörur þær, sem þegar eru komnar til landsins, telst tveggja mánaða fresturinn í 5. lið að framan renna út er tveir mánuðir eru liðnir frá dagsetningu þessarar auglýsingar.

Fjármálaráðuneytið, 11. september 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

3. október 1968.

Nr. 271.

AUGLÝSING

um niðurfellingu innflutningsgjalds.

Ákveðið hefur verið, samkv. heimild í 2. gr. laga nr. 68/1968 um innflutningsgjald o. fl., að fella niður við innflutning 20% innflutningsgjald af eftirtöldum tollskrárnúmerum:

A. Umbúðir sjávarútvegs:

Tollskrárn.:

- 39.07.32 Fiskkassar og fiskkölfur úr plasti.
- 44.08.00 Trjáviður í tunnustafi o. fl.
- 44.22.02 Síldartunnur úr trjáviði og hlutar til þeirra.
- 48.07.88 Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun.
- 48.16.06 Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun.
- 48.16.07 Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áritun.
- 48.19.02 Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir.
- 57.10.01 Umbúðastrigi.
- 73.23.04 Áletraðar dósir, úr járni, stáli eða legeringum þeirra málma, utan um útflutningsvörur.
- 73.40.42 Fiskkassar, fiskkölfur o. fl.
- 76.16.02 Fiskkassar og fiskkölfur úr alúmíni og alúminlegeringum.
- 83.13.03 Áletruð lok, úr ódýrum málmum, á dósir utan um útflutningsvörur.